

Nd. **286. Frumvarp til laga** [155. mál]
um breyting á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sem ræður 1—2 framkvæmdastjóra.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum fimm manna, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þannig að Alþingi kys tvo með hlutfallskosningu, stjórn Seðlabankans einn, Landsamband íslenskra útvegsmanna einn og Sjómannasamband Íslands einn. Varamenn skal kjósa jafnmarga á sama hátt og til sama tíma. Stjórnin kys sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

- a. Ákvarðanir um lántökur og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
- b. Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör.
- c. Ákvarðanir um rekstraráætlun Fiskveiðasjóðs, er gerð skal fyrir fram fyrir eitt ár í senn.
- d. Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
- e. Ráðning eins eða tveggja framkvæmdastjóra sjóðsins, sem annist alla daglega stjórnsýslu hliðstætt því, sem bankastjórar gera.
- f. Skipun matsnefndar.

Framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs eða framkvæmdastjórar, ef tveir eru, ráða starfsmenn sjóðsins og segja þeim upp starfi í samráði við stjórn sjóðsins. Um laun, kjör og réttarstöðu framkvæmdastjóra og starfsmanna gilda sömu ákvæði og um starfsmenn ríkisbankanna.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins, svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins eða forstjórar skulu sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þannig að hann verði sjálfstæð stofnun og forstjóri hans eða forstjórar hafi hliðstæða aðstöðu við afgreiðslu lána og innheimtu og bankastjórar ríkisbankanna hafa nú.

Til ársins 1966 var Fiskveiðasjóður sjálfstæð lánastofnun undir yfirstjórn Útvegsbankans. Þó að málum væri þannig hagað, var þess eigi vart, að forstjóri Fiskveiðasjóðs væri borinn ráðum eða viðskiptamenn sjóðsins þyrftu til annarra að leita um úrskurð mála. Árið 1966 var lögum um sjóðinn breytt, þannig að hann var settur undir yfirstjórn þriggja banka. Við umræður um málið komu lítil rök fram fyrir nauðsyn á þessari breytingu. Sjóðnum var vel stjórnað. Ákvarðanir, sem gerðar voru 1960 um hækkun vaxta og styttingu lánstíma til mikils óhagræðis fyrir útvegsmenn og sjómenn, voru ekki sök sjóðsstjórnarinnar. Þar réð hin svo nefnda viðreisnarstefna, sem ríkisstjórnin hefur skapað og fólstrað.

Eignir Fiskveiðasjóðs eru nú 9—10 hundruð milljónir. Vera má, að það fé sé ekki allt innheimtanlegt, en svipað má vafalaust segja um fleiri lánastofnanir. Þessi sjóður nemur viðlíka upphæð og allir bankar eiga til samans í hreinni eign. Að nokkru er sjóður þessi myndaður með framlögum úr ríkissjóði, en meginhluti hans er til orðinn með beinum eða óbeinum framlögum útvegsmanna og sjómanna. Það er því ekki óeðlilegt, að útvegsmenn og sjómenn fái ihlutunarrétt um stjórn þessa sjóðs, sem þeir hafa lagt stórfé í og hefur veruleg áhrif á lífsafkomu þeirra. Lagt er því til í þessu frv., að samtök þessara aðila fái fulltrúa í stjórn sjóðsins, þeir fái þar eigi meirihlutaaðstöðu, en geti komið á framfæri skoðunum sínum og tillögum.

Sjávarútvegur hefur meiri og margþættari áhrif á peningamál okkar en aðrir atvinnuvegir, að minnsta kosti enn sem komið er. Iðnaður, verzlun og landbúnaður hafa fengið sjálfstæðar lánastofnanir til að skipta við. Enginn dregur í efa, að það er hagkvæmt. Því á sjávarútvegurinn að búa við önnur og óaðgengilegri kjör? Nauðsyn ber til, að útvegsmenn geti fengið fljóta og ákveðna afgreiðslu sinna mála í einum stað, en þurfi eigi að hlaupa milli margra aðila í ýmsum stofnunum til að skýra sín mál. Þess ber og að gæta, að bankastjórar viðskiptabankanna hafa næg verkefni, þó að þeir þurfi ekki að stjórna Fiskveiðasjóðnum. Erfðleikar útvegsmanna eru og nægilega miklir, þó að þeir þurfi eigi að eyða mörgum dögum til að ná tali af hinum ýmsu stjórnendum sjóðsins, sem eru uppteknir í störfum í þremur bönkum. Það ætti því að vera lágmarkskrafa, að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar Fiskveiðasjóðs hafi hliðstæða starfsaðstöðu og vald eins og bankastjórar viðskiptabankanna. Á þann eina hátt geta útvegsmenn fengið mál sín afgreidd án óþarfa vafninga.